

6. Upplýsingar um skólastarfið og kynningar

6.1 Kynningar á skólastarfi (6 ára nemendur o.fl.)

6.1.1. Móttaka nýrra nemenda og fjölskylda þeirra

Foreldrafélagið í samstarfi við skólastjórnendur býður nýjum nemendum og foreldrum þeirra eða forráðamönnum á kynningarfund skömmu fyrir skólabyrjun á haustin. Þar er kynning á starfsemi skólans, kynning á foreldrafélagi skólans, frístundaheimilinu og þeirri starfsemi sem fram fer í hverfinu í þágu barna og unglinga. Eldri nemendur veita leiðsögn um skólann og boðið er upp á veitingar.

6.1.2. Móttaka 6 ára barna

Í samstarfi við leikskóla hverfisins í gegnum verkefnið „Yfir brúna“ er markmiðið að kynna skólann fyrir þeim 6 ára nemendum sem eru skráðir í skólann næsta haust til að létta þeim skrefin að byrja í skóla. Nemendur koma í þrjár heimsóknir í skólann með leikskólanum og síðan í eina heimsókn með foreldrum áður en að formlegur skóli hefst að hausti. **Fyrsta heimsókn** í skólann er að jafnaði í lok desember eða byrjun janúar en þá koma nemendur í stutta heimsókn og hitta aðstoðarskólastjóra sem kynnir fyrir þeim meðal annars bókasafn og heimilisfræðistofu og nemendur fá að kíkja inn í stofur nemenda á unglingastigi. **Önnur heimsókn** er í mars og þá koma nemendur með leikskólakennurum sínum til að vera með í kennslustundum ásamt þáverandi sex ára börnum. Nemendur koma í litlum hóp og eru um þrjár kennslustundir í skólanum þar sem þau kynnast því að fara út í frímínútur og borða nesti og vinna verkefni. **Þriðja heimsókn** er síðan í vikunni fyrir páskafri nemenda. Þá koma nemendur leikskólanna í heimsókn og heimsækja skólastjórnendur. Nemendur fá afhent barmmerki með merki skólans og fara í stutta gönguferð um skólann að skoða helstu staði sem þau eiga eftir að nota næsta vetur. Skólinn hefur undanfarin ár haft lifandi hænuunga til sýnis fyrir börnin sem hefur vakið mikla lukku. **Fjórdá heimsókn** barnanna er síðan fyrsti heili skóladagurinn þeirra og er í byrjun júní eftir að þáverandi 1. bekkur hefur lokið sinni starfssemi. Nemendur koma að morgni með foreldrum sínum sem eru þá á sama tíma á fyrsta hluta skólafærnisámskeiðs.

6.1.3. Skólafærnisámskeið fyrir foreldra barna í 1. bekk

Ár hvert standa skólinn og foreldrafélagið fyrir námskeiði fyrir foreldra barna sem eru að hefja grunnskólagöngu. Markmið námskeiðsins er að kynna foreldrum skólann og starfsemi hans og marka upphafið að góðri samvinnu heimilis og skóla. Námskeiðið felur í sér samveru foreldra og barna auk þess sem foreldrar fá innsýn í heim barnanna í grunnskólanum.

6.1.4. Skólastarfið og unglingurinn - <Námskeið fyrir foreldra barna í 8. bekk

Við upphaf 8. bekkjar er foreldrum og forráðamönnum boðið á námskeið sem hefur það markmið að búa heimilin undir breyttar áherslur í námi þegar á unglingastig kemur. Námskeiðið er haldið í samstarfi skóla og foreldrafélags.

6.2 Skólavefur

Á heimasíðu skólans má finna allar helstu upplýsingar um skólastarfið. Meðal annars starfsáætlun skólans. Veffang á heimasíðuna er: <http://www.olduselsskoli.is/>

6.3 Tölvupóstur og SMS

Kennarar sem og skólastjórnendur þurfa oft að koma upplýsingum til skila til foreldra. Skólinn notar samskiptavefinn Mentor (www.mentor.is) til að senda foreldrum upplýsingar um skólastarfið eða nemandann. Þá hefur skólinn einnig möguleika á að senda sms - skeyti í farsíma nemenda og eða foreldra til að koma upplýsingum til skila. Þegar að kennslustundir falla niður hjá nemendum í unglingsdeild snemma að morgni hefur reynst best að senda nemendum sms skeyti um slíkar upplýsingar. Kennarar og skólastjórnendur geta einnig komið upplýsingum um nemendur til foreldra í gegnum dagbók nemanda í Mentor.

Foreldrar geta komið upplýsingum til skila í tölvupóstfang skólans www.olduselsskoli@reykjavik.is en ritari skólans tekur á móti þeim upplýsingum og kemur þeim áfram til þeirra sem það varðar. Þá er á heimasíðu skólans upplýsingar um vefföng allra starfsmanna undir tenglinum **Skólinn/starfsmenn**.

Símanúmer skólans er 411-7470 en þar er hægt að koma upplýsingum á framfæri til ritara sem getur komið skilaboðum áleiðis til starfsmanna. Annað hvort að leggja fyrir skilaboð eða fá samband við aðila ef sá möguleiki er fyrir hendi. Þá geta foreldrar t.d. skráð forföll barna sinna í gegnum Mentor.